Fundur 12.10.2026 Þýsk kona, ferðamaður sem dó í slysi á Íslandi fyrir nokkrum árum.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Já góða kvöldið. Vertu velkominn.

Hefur þetta verið sannkölluð ævintýra för síðan ég hingað kom og tala ég til ykkar úr stjörnusambandsstöð, finnst mér ég hafa mikla tengingu við ykkar land, þótt ekki hafi ég dvalið á ykkar fagra landi lengi.

En vildi ég gjarnan koma í sambandið til að þið mynduð skynja og öll ykkar þjóð myndi það skilja hvernig sálin losnar við beiskju þótt viðskilnaður sé sár og óvæntur og hvernig það sem við tekur getur umbreytt manni gjörsamlega og gefið manni nýja sýn á lífið.

Þakka ég fyrir það að sterkar eru tengingarnar við ykkar land og getið þið ekki ímyndað ykkur hversu ætternisböndin eru traust og þétt við frum heimkynni ykkar á gömlu jörðinni, frumlífs jörðinni ykkar og hversu Evrópuþjóðirnar standa vel saman þegar á móti blæs og einnig í gleði og fögnuði og sigrum.

Hafði ég að vísu enga hugmynd um kenningar ykkar þegar ég kom til lands ykkar, en vissi ég aðeins um fagra náttúru og var ég vön því að fara víða og höfðu foreldrar mínir kennt mér ýmislegt um, næ ekki orðinu, tengslin við ykkur og tengslin við aðrar Evrópuþjóðir, en var ég þeim ekki sammála í stjórnmála skoðunum og næ ekki alveg að lýsa því.

Mér finnst að gleði mín nái ekki til ykkar í gegn um sambandið, en reyni ég að koma því í gegn, eins og ég sagði í upphafi máls míns hefur þetta verið ævintýra ferð og hafði ég ekki nokkra minnstu hugmynd um alla þá töfra sem biðu mín og hafði ég ekki minnstu hugmynd um þessar kenningar dr. Helga Pjeturss og ykkar og var ég kristinnar trúar og tók það mig nokkurn að losa mig við þá trú er ég hingað kom í framlífið og spurði ég ótal margra spurninga.

Var ég vissulega ekki sátt að kveðja vini, kunningja og ættingja, en það gerðist svo hratt að á móti kom að aðrir komu sem ég kannaðist við og tóku á móti mér og ævintýraland og sambandið er slitrótt, verð ég að koma síðar, en ætla ég að reyna að halda áfram, hef ég ekki náð megin máli mínu.

Eignaðist ég aldrei börn í frumlífi mínu á jörðinni og vann ég við skrifstofustörf og önnur störf, en er ég hér í, var ég með unnusta mínum er ég lést en vorum við barnlaus.

Er ég hér í menningarsamfélagi þar sem lögð er áhersla á barneignir og hef ég hér eignast 3 börn á skömmum tíma og er miklu hamingjusamari en áður og samfélag þetta minnir á margt sem foreldrar mínir kenndu mér þegar ég var ung og hef ég hitt hér marga ættingja mína.

Töfraland og ævintýraland, fögur er hér náttúran, margir landsmenn mínir hér saman komnir, Þjóðverjar. Næ ég ekki að nefna nafn mitt, þýsk kona, dó á Íslandi í slysi, ferðamaður.

Er það langt síðan ?

Nokkur ár, verð ég að kveðja, þakka fyrir mig, ánægjulegt að geta tjáð mig, margt er hér betra samfélag og við gagnrýnum gamla samfélagið.

Verið þið sæl.

Vertu sæl og þakka þér fyrir komuna og við óskum þér alls góðs.

Já sumuleiðis takk fyrir.